

**Ed.**

#### **4. Frumvarp til laga**

um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

##### **1. gr.**

Lög nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við þau, eru úr gildi numin.

##### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Lagaákvæði þau, sem í frumvarpi þessu er lagt til, að felld verði úr gildi, um greiðslu stimpilgjalds af ávísunum og kvittunum, voru sett á þeim tíma, er tekjuþörf ríkissjóðs var mikil og ýmsir tekjustofnar brugðust. Reynslan hefir hins vegar orðið sú, að tekjur samkv. þeim hafa ekki orðið svo miklar, að þær geti réttlætt þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem framkvæmd þeirra er samfara.